

Ár 2009, 3. september, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 1/2009

A
og
B

Úrskurðinn kveða upp Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Amfriður Einarsdóttir lögfræðingur og sr. Gísli Jónasson, prófastur ad hoc nefndarmaður. Hann var skipaður ad hoc þar sem sr. Hreinn Hákonarson vék sæti vegna vanhæfis og meirihluti nefndarinnar taldi varamann hans, dr. Arnuðriði Guðmundsdóttur, vanhæfa til meðferðar málssins.

Upp er kveðinn svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er A, sbr. erindi hennar til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar dags. 6. apríl 2009. Erindi málshefjanda beinist að B.

2. KRÖFUGERÐ

Málshefjandi gerir eftirsarandi kröfur:

Að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar mæli fyrir um að B skuli ekki gegna starfi sóknarprests, eða neinu öðru starfi fyrir ...kirkju, til frambúðar.

Að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar mæli fyrir um frekari takmarkanir eða sþyngjandi niðurstöðu um störf gagnaðila, svo sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.

Gagnaðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar án efni meðferðar. Til vara er gerð sú krafa að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hafni öllum kröfum málshefjanda.

3. MÁLAVEXTIR OG AÐDRAGANDI MÁLS

Mál betta á rætur sínar að rekja til þess að ríkissaksóknari höfðaði opinbert mál á hendur gagnaðila með útgáfu ákæru fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum, framin í ...kirkju, p.e. að hafa sunnudaginn 21. október 2007 faðmað stúlkuna A, fædda 1991, og strokið henni á baki utanklæða og látið þau orð falla að honum liði illa og straumarnir streymdu úr líkama hans við það að faðma hana, og með því að hafa fimmtdaginn 13. mars 2008 faðmað stúlkuna B, fædda 1992, kysst hana nokkrum sínum á kinnina, reynt að kyssa

hana á munninn og látið þau orð falla að hann væri skotinn í henni og hún væri falleg. Í ákæru voru brotin talin varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 8. gr. laga nr. 61/2007 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í dómi Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum xxx segir m.a.:

„... Sú háttsemi ákærða, sem honum er gefin að sök, og sönnun er talin liggja fyrir um, lýtur að því að hann hafi faðmað umræddar stúlkur og jafnframt strokið annari peirra á baki, utan klæða talandi um að honum liði illa, en einnig kysst hina á sitt hvora kinnina. telu dómurinn að þessi háttsemi ákærða geti ekki talist kynferðisleg áreitni í skilningi 199. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður ekki heldur fallist á með ákeruvaldi að ákærði hafi með þessari háttsemi sýnt stúlkunum yfirlang, ruddalegt eða ósilegt athæfi, sárt þær eða móðgað í skilningi 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Verður ákærði því sýknadur af báðum liðum ákæru.“

Hæstiréttur félst á þá niðurstöðu Héraðsdóms Suðurlands að háttsemi gagnaðila, sem sönnuð væri, varði ekki við áðurnefnd lagaákvæði og staðfesti heraðsdóminn með dómi í máli nr. xxx, uppkveðnum xxx.

Með bréfi dags. 6. apríl 2009 fór málshefjandi þess á leit við úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar að nefndin, í framhaldi af ofangreindum sýknudómi Hæstaréttar, tæki mál gagnaðila til frekari umfjöllunar með vísan til þess, að hvað kirkjuna varðaði yrði ekki beitt sama mælikvarða og dómtólar beita við mat að því hvort tiltekin háttsemi teldist sönnuð í skilningi refsilaga. Málshefjandi taldi tvennt skipta máli, annars vegar að gera yrði þá kröfu til þeirra sem þjóna kirkjuini að þeir gæti persónumarka og séu læsir á viðbrögð annarra í framkomu sinni, og hins vegar að hér væri um hlutverkavíxlun að ræða. Í erindi málshefjanda kemur fram að hann telji að með vísan til 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar eigi málið nú undir úrskurðarnefndina. Málshefjandi telji að með háttsemi sinni hafi gagnaðili framið siðferðis- og agabrot sem eigi undir nefndina.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kom saman hinn 28. apríl 2009 vegna erindis málshefjanda. Að athuguðu málí og með hliðsjón af þeim reglum sem nefndin starfar eftir taldi nefndin að bæði málsaðild, sbr. 4. gr. starfsreglna nr. 730/1998 og umkvörtunarefni, sbr. 3. gr. sömu reglna, uppfylltu skilyrði 5. gr. starfsreglnanna um efnislega málsmemeðferð. Nefndin taldi þá staðreynnd að búið var að sýkna gagnaðila af ákæru vegna þeirrar háttsemi, sem málshefjandi krefst skoðunar á sem siðferðis- og agabrot, ekki geta ráðið úrslitum um það hvort háttsemin yrði skoðuð á grundvelli laga nr. 78/1997, ýmissa starfsreglna sem þjóðkirkjan hefur sett sér og siðareglna Prestafélags Íslands.

Samkvæmt 4., sbr. 1. mgr. 6. gr. starfsreglna nr. 730/1998 ber úrskurðarnefnd að kanna hvort viðhlítandi sáttamleitanir hafi farið fram og þá ákveða hvort grundvöllur sé til sáttu. Nefndin taldi nauðsynlegt að reyna sættir og kvaddi því málsaðila á sinn fund hinn 4. maí 2009, hvorn í sínu lagi. Eftir viðræður við báða málsaðila taldi nefndin sættir mögulegar og lagði tvö möguleg sáttatilboð fyrir lögmann gagnaðila á fundi nefndarinnar hinn 14. maí 2009. Að beiðni lögmannsins voru sáttatillögurnar sendar honum skriflega, enda útilokaði hann ekki að gagnaðili væri tilbúinn að ganga til sáttu á grundvelli annarrar hvorras, en báðar fölu í sér að gagnaðili hyrfi ekki aftur til starfa í ...sókn. Við framlagningu sáttatillagnanna var af hálfu nefndarinnar árétað að í tillögunum fælist engin visbending um það hver kynni að verða efnisleg niðurstaða nefndarinnar, yrði sáttatillögum hafnað.

Með bréfi dags. 20. maí 2009 var sáttatillögum hafnað og þess krafist að úrskurðarnefndin vísaði málinu frá nefndinni.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. starfsreglna nr. 730/1998 ber úrskurðarnefnd, varði málið siðferðis- eða agabrot, að meta í upphafi hvort rétt sé að leggja til að hlutaðeigandi verði veitt leyfi frá starfi á meðan um málið sé fjallað hjá nefndinni.

Úrskurðarnefndin gaf gagnaðila kost á að tjá sig um þetta, með vísan til 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og var það gert af hálfu gagnaðila í áðurnefndu bréfi dags. 20. maí 2009.

Gagnaðili var í leyfi frá störfum á þessum tíma og hafði það leyfi með samkomulagi verið fram lengt til 1. júní 2009.

Þann 22. maí 2009 fjallaði úrskurðarnefnd um þennan þátt málsins og frávísunarkröfu gagnaðila. Áfrýjunarfnd þjóðkirkjunnar hefur skilgreint hugtakið siðferðisbrot svo:

„Hugtakið **siðferðisbrot** hefur mjög óljósa merkingu í lagamáli. Ganga má að því vísu, að siðferðisbrot þurfi ekki að vera refsivert brot að lögum, jafnvel ekki neins konar réttarbrot. Siðferðisbrot þarf ekki heldur að vera svívirðilegt að almenningsáliti. Rétt er að miða við eins konar vísireglu, er veiti úrskurðaraðilum svigrúm til þess að móta og ákvárða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma, hvað sé siðferðisbrot. Í því efni skiptir verulegu máli, hver staða starfsmannsins er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verður að gera strangar kröfur til presta þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis í störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá eða eru í fyrirsvari fyrir. Ef framkoma prests að áliti sóknarbarnea, sem til hans þurfa að leita um þjónustu og sálusorgun, er svo farið, að hann nýtur ekki trausta sóknarbarannana eða horra þeirra, verður að meta, að hvaða marki sílikur trúnaðarbrestur stafar af ætluðum siðferðisbrotum prestsins eða af öðrum ástæðum, svo sem tilitsleysi hans, ókurteisi eða klaufaskap. Við þetta mat má hafa nokkrar hliðsjón af vígsluheiði prests og vígslubréfi biskups svo og almennum siðareglum presta.“

Úrskurðarnefndin telur sig bundna af þessari skilgreiningu áfrýjunarfndarinnar. Í skilgreiningunni felst, að mati úrskurðarnefndar, að háttsemi þurfi ekki að vera refsivert brot til að teljast siðferðisbrot. Sýkna dómtóla varðandi refsinæmi háttsemi gagnaðila gagnvart sóknarborunum tveimur útílokaði þannig ekki að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar geti fjallað efnislega um málið sem meint siðferðisbrot. Kröfu gagnaðila um að vísa málinu frá nefndinni án efnismeðferðar var því hafnað.

Þá taldi úrskurðarnefndin að eins og málið væri vaxið væri eðlilegt að leyfi gagnaðila frá embætti fram lengdist meðan málið væri til meðferðar hjá nefndinni og lagði það til við biskup. Með bréfi, dags. 30. maí 2009, tilkynnti biskup gagnaðila að hann hefði ákveðið að verða við tilmálum úrskurðarnefndar og fram lengja leyfi hans frá störfum á meðan málið væri til meðferðar hjá nefndinni.

Undir meðferð málsins lagði gagnaðili fram gögn um að kvörtun hefði verið beint til siðanefndar Prestafélags Íslands vegna sömu háttsemi gagnaðila. Eftir að gagnaðilun lauk upplýsti málshefjandi að niðurstaða siðanefndar lægi fyrir. Gagnaðili mótmælti fram lagningu nöðurstöðunnar og var hún ekki lögð fram. Eftir að nefndin tók málið til úrskurðar taldi hún nauðsynlegt að hún aflaði sjálf niðurstöðunnar þannig að niðurstaðan væri meðal gagna málsins. Tilkynnti nefndin málsaðilum þessa ákvörðun sínna með vísan til 12. gr. reglna nr. 730/1998.

4. MÁLSÁSTÆÐUR MÁLSHEFJANDA

Í upphafserindi málshefjanda dags. 6. apríl 2009 og greinargerð dags. 5. júní s.á. tilgreinir málshefjandi eftirfarandi málsástæður til stuðnings kröfum sínum um að nánar tilgreind háttsemi gagnaðila, sem viðurkennd sé af honum, teljist siðferðis- og/eða agabrot.

Bent er að prestum beri sérstök skylda til að fara varlega og lesa vel í viðbrögð þeirra sem minni máttar eru, hvort sem það er vegna aldurs, þroska, veikinda eða tímabundins álags

eða áfalla. Það sé á ábyrgð prests að halda persónumörk og gæta þess að hafa enga þá háttsemi í frammi sem setur þann sem honum er fenginn til umsjár í aðstöðu sem viðkomandi upplifir sem ógnandi, sem kynferðislega áreitni eða kynferðislega tilburði af nokkru tagi. Presti beri að hafa þar til hliðsjónar skilgreiningu þjóðkirkjunnar á kynferðislegri áreitni sem staðfest hafi verið á Kirkjupíngi árið 1998 og sé að finna í 1. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1998. Kynferðisleg áreitni sé þar skilgreind sem óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapi auðmykjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, örðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni feli í sér samskipti sem einkennist af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greini slíka framkomu frá daðri, vinahótum og vinsamlegri striðni sé, að hún sé í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún sé ekki gagnkvæm og ekki á jafnréttisgrundvelli. Kirkjan hafi sett sér skýra stefnu um að staðið skuli vörð um einstaklinga innan hennar sem eigi að geta fundið sig örugga innan veggja kirkju sinnar. Starfsmenn kirkjunnar og sér í lagi prestar þurfi að gæta persónumarka, hafa grunnlæsi á viðbrögð annarra og gæta þess að framferði þeirra og háttsemi sé þannig að það skapi öðrum hvorki vanlíðan né ógn. Í dórnaskjölum komi fram að framferði gagnaðila hafi valdið stúlkunum mikilli vanlíðan þannig að þær fundu sig ekki lengur öruggar í starfi innan kirkjunnar, fjarlægðust hana en höfðu áður notið að tilheyra henni og starfa innan hennar. Gagnaðili sjálfur hafi séð ástæðu til að biðja aðra stúlkuna velvirðingar á því að hann hafi gengið of langt í faðmlagi sínu.

Málshefjandi telur að gagnaðili hafi í þessum samskiptum ekki gætt persónumarka. Í því sambandi skipti ekki máli hvort hann teljist hlyr einstaklingur og að honum sé tamt að faðma fólk að sér og jafnvel kyssa það. Staðfest vanlíðan stúlkunna sýni að þær upplifdu ógn í samskiptunum sem að auki áttu sér stað þar, sem þær voru einar og nutu engrar varnar af nærveru annarra. Þær hafi verið minni móttar í þessu sambandi, bæði vegna aldurs síns og þeirrar sterku virðingarstöðu sem gagnaðili hafði í hugum þeirra sem prestur og fær tónlistarmaður.

Málshefjandi telur einnig að kirkjan megi ekki láta óátalið þá hlutverkavíxlun sem viðurkennung liggi fyrir á í samskiptum gagnaðila við aðra stúlkunna. Það sé með öllu ólíðandi að gagnaðili í svo mikilli ysfirburðastöðu leyfi sér að víxla hlutverkum með því að leita huggunar og samúðar á sínum eigin erfiðleikum hjá þeim sem er í minni móttar stöðu. Prestur hafi ekki aðeins ysfirburðastöðu hvað samskiptamátt og vald varði heldur hann einnig undirgengist með heiti þær ríku prestsskyldur að gæta velferðar sóknarbarna, hvort sem er í sálgæslu eða öðrum samskiptum þar sem hann er í hlutverki prestsins. Hlutverkavíxlun og rof persónumarka sýni með ámælisverðum hætti vangetu gagnaðila til að lesa viðbrögð sóknarbarna sinna.

Þá telur málshefjandi að með háttsemi sinni hafi gagnaðili brotið gegn siðareglum Prestafélags Íslands sem sampykktar voru 24. apríl 2007. Í grein 2.4 segi að prestur megi ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstæðings, s.s. með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú með öðrum hætti. Í grein 2.9 segi að prestur sé fulltrúi kirkju sinnar og stéttar. Hann gætir þess í starfi og einkalífi að hafa virðingu kirkjunnar og sóma stéttarinnar í heiðri.

Þá vísar málshefjandi til siðareglra sem settar hafa verið af Biskupsstofu fyrir þá sem starfa með börnum og unglungum í kristilegu starfi. Í grein 7 þeirra reglna segi að ekki skuli stofna til óviðeigandi sambands við bóm eða unglingu sem sækja starfið. Í grein 10 segi að

gæta skuli vandvirkni og heiðarleika í starfi og að orð og athæfi samrýmist því starfi sem viðkomandi gegnir.

Til frekari stuðnings kröfum sínum vísar málshefjandi til bréfs fagráðs um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar til biskups dags. 27. mars 2009, ályktunar Prestastefnu sem haldin var í Kópavogskirkju 28. - 30. apríl 2009, ályktunar Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar og fleiri hagsmunaaðila innan þjóðkirkjunnar.

Þá fullyrðir málshefjandi að viðtæk samstaða sé meðal kirkjunnar manna um að hagsmunum safnaðarins sé betur borgið með því að gagnaðili gegni hvorki starfi sóknarprests né öðru starfi fyrir ...kirkju.

Um lagarök vísar málshefjandi til laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, einkum 12. gr. um úrskurðarnefnd sbr. einnig starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998. Þá vísar málshefjandi til starfsreglna um presta nr. 735/1998, einkum 1. kafla um starfsskyldur þjónandi presta þjóðkirkjunnar. Málshefjandi visar einnig til siðareglina Prestafélags Íslands og reglna um siðaneftnd, sérstaklega kafla 2 um köllun, sjá t.a.m. 2.2, 2.4 og 2.9. Loks vísar málshefjandi til siðareglina fyrir fólk sem starfar með börnum og unglungum í kristilegu starfi, einkum greina 7 og 10.

5. MÁLSÁSTÆÐUR GAGNAÐILA

Gagnaðili krefst aðallega frávisunar en til vara að öllum kröfum málshefjanda verði hafnað. Í brefi dags. 20. maí 2009 og greinargerð dags. 19. júní s.á. rekur gagnaðili eftirfarandi atriði til stuðnings frávísunarkröfu sinni:

Í fyrsta lagi að úrskurðarnefndi sem liggur fyrir úrskurðarnefndinni, þ.e. hvort víkja beri honum frá störfum, falli utan verksviðs úrskurðarnefndarinnar, sbr. 3. gr. starfsreglna nr. 730/1998.

Í öðru lagi að úrskurðarnefndin sé vanhæf í málinu skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nefndin hafi þegar tekið afstöðu til málssins með sáttatilboði sínu 14. maí 2009 sem sé efnislega samhljóða kröfugerð málshefjanda.

Í þri öðra lagi að dómur Hæstaráttar í máli nr. XXX hafi *res judicata* áhrif, þ.e. að sú niðurstaða sé endanleg og hafi gildi til frambúðar landslögum samkvæmt.

Í fjórða lagi að gagnaðili hafi þegar sætt rannsókn og málsméðferð fyrir þá háttsemi sem erindi málshefjanda beinist að og þeiri meðferð hafi lokið með sýknudómi. Óhemicilt sé að hefja nýja málsméðferð þegar svo standi á. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og önnur landslög leggi bann við nýrra málsméðferð eða refsingu fyrir sömu háttsemi. Í 70. gr. stjórnarskráinnar er borgurunum áskilin réttlát málsméðferð og njóti þeir verndar gegn tvírannsókn og tvírefsingu vegna sömu háttsemi. Visar gagnaðili hétt einnig til 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Málsméðferð hjá úrskurðamefndinni lúti ekki að öðru en því sem rannsakað var hjá lögreglu og lauk með sýknudómi. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu sé um brot á reglunni um *ne bis in idem* að ræða þegar maður hefur áður sætt refsingu eða endurtekinni málsméðferð vegna sömu háttsemi. Sá mælikvarði sem Mannréttindadómstóll Evrópu virðist beita við mat að því hvort um sömu háttsemi sé að ræða felist í því að tvö skilyrði þursi að vera uppfyllt. Annars vegar verði hin nýja málsméðferð að beinast gegn sömu háttsemi og hins vegar verði verknaðarlýsing brotsins,

sem liggur til grundvallar fyrrí úrlausn, að vera samsvarandi í grundvallaratriðum þeirri sem byggð er á í síðara máli. Gagnaðili telur bæði þessi skilyrði uppfyllt.

Í fimmtra lagi að málshefjandi hafi ekki leyft sér að njóta reglunnar um að teljast saklaus þar til sekt hans hafi verið sönnuð. Visar gagnaðili þar til 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Gagnaðili tilgreinir eftirfarandi atriði til stuðnings þeirri kröfum sinni að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum málshefjanda:

Í fyrsta lagi hafi hann verið sýknaður af kröfum ákærvaldsins bæði í héraði og í Hæstarétti. Því verði ekki séð hvemig úrskurðarnefndin geti komist að þeirri niðurstöðu að hann sé sekur um kynferðis-, siðferðis- og/eða agabrot. Ákvæði 1. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1998 sem málshefjandi vísí í, máli sínu til stuðnings, sé efnislega samhljóða 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Búið sé að sýkna hann af broti gegn þeirri grein. Fullyröing málshefjanda um að hann sé sekur um kynferðislega áreitni í skilningi starfsreglnanna fái þannig ekki staðist.

Í öðru lagi hafi talsmenn þjóðkirkjunnar vísað til þess að Biskupsstofa hefði ekki lagahaímildir til að fáera sig til í starfi. Visar hann til endurrits af viðtali C, lögmanns og framkvæmdarstjóra „við fréttamann Stöðvar 2, þann 23. mars 2009.

Í þriðja lagi byggi stór hluti greinargerðar málshefjanda á ályktunum og yfirlýsingum hagsmunaðila innan kirkjunnar sem beinst hafi gegn sér. Málshefjandi leggi mikil upp úr hugsanlegu ósætti sem kynni að skapast sneri hann aftur til fyrrí starfa. Gagnaðili telji þannig að réttindi og æra sín megi sín lítils gagnvart hugsanlegu ósætti „um störf kirkjunnar og þjóna hennar“.

Í fjórða lagi bendir gagnaðili á að honum sé ekki kunnugt um að úrskurðarnefndin hafi falið fagráði um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar að fjalla um málefni sín líkt og 3. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1997 áskilur. Fagráðið hafi þannig farið langt út fyrir hlutverk sitt með umfjöllun sinni um málið.

Í fimmtra lagi fullyröir gagnaðili að yfirlýsingar fagráðsins og málshefjanda hafi skapað andúð í sinn garð sem málshefjandi noti nú sem rök fyrir því að hann eigi ekki afturkvæmt til fyrrí starfa. Afstaða þessara stofnana kirkjunnar sé sein afleiðing af áróðri sem rekinn hafi verið í fjöldum gegn sér. Fagráðið hafi frá upphafi beitt sér af mikilli hörku gegn sér á opinberum vettvangi.

Í sjötta lagi telur gagnaðili að það sé ómálefnalegt að vísa til þess hvernig „sát megi ríkja um störf kirkjunnar og þjóna hennar“ við meðferð málssins.

Að lokum fullyröir gagnaðili að því fari fjarri að andstaðan við sig sé almenn. Þvert á móti njóti hann viðtæks stuðnings innan safnaðarins sem og innan prestastéttarinnar.

Um lagarök vísar gagnaðili til 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og Mannréttindasáttmála Evrópu, sérstaklega 6. gr. sáttmálans og VII. viðauka hans. Þá er vísað til XVI. kafla um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, einkum 2. mgr. 138. gr. laganna. Loks er vísað til ákvæða laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1998 auk þeirra starfsreglna sem stofnanir þjóðkirkjunnar starfa samkvæmt.

6. NIÐURSTAÐA

6.1 Frávisunarkrafa gagnaðila

Gagnaðili byggir frávisunarkröfum sínum á fimm málsástæðum. Í fyrsta lagi að úrlausnarefnið falli utan verksviðs úrskurðarnefndarinnar, sbr. 3. gr. starfsreglna nr. 730/1998. Til úrlausnar er hvort nánar tilgreind háttsemi gagnaðila teljist siðferðis- og/eða agabrot. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er það hlutverk úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar að meta hvort háttsemi starfsmanns þjóðkirkjunnar teljist siðferðis- eða agabrot. Þegar af þeiri ástæðu er frávisunarkröfum gagnaðila sem byggir á bessari málsástæðu hafnað.

Í öðru lagi telur gagnaðili að úrskurðarnefndin sé vanhæf í málinu skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 með því að leggja fram sáttatilboð sem sé að fullu í samræmi við kröfugerð málshefjanda. Samkvæmt 6. gr. starfsreglna nr. 730/1998 ber úrskurðarnefndin að leggja fram sáttatilboð, telji hún sættir mögulegar. Á fundum nefndarinnar með lögmanni gagnaðila kom fram að gagnaðili kynni að vera tilbúinn til að skoða sáttatilboð um starfslokasamning eða flutning í starfi. Úrskurðarnefndin taldi sér því skylt að leggja fram

sáttatilboð af þeim toga. Í framlagningu sáttatilboða eða innihaldi beirra fölst engin afstaða af hálfu nefndarinnar, heldur einvörðungu viðleitni til að freista þess að ljúka málina með sátt. Úrskurðarnefndin telur að með framlagningu sáttatilboða hafi hún ekki gengið lengra en eðlilegt var, m.a. í ljósi þess að lögmaður gagnaðila útilokaði ekki að sætir gætu tekist á grundvelli sáttatilboða af pessu tagi. Frávisunarkröfу gagnaðila á grundvelli pessarar málsástæðu er því hafnað.

Í þriðja lagi byggir gagnaðili á því að niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. xxx hafi *res judicata* áhrif. Viðfangsefni úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar er að meta hvort tilgreind háttsemi gagnaðila sé síðferðis- og/eða agabrot í skilningi 12. gr. laga nr. 78/1997. Í áðurnefndum hæstaréttardómi var fjallað um refsinaði háttsemi gagnaðila samkvæmt almennum hegningarlögum annars vegar og barnaverndarlögum hins vegar. Þegar af þeiri ástæðu telur úrskurðarnefndin að *res judicata* reglur geti ekki haft þau áhrif að nefndinni sé ómögulegt að meta síðferðilega hlið háttseminnar og hvort hún teljist brot á síðareglum þjóðkirkjunnar. Frávísun á grundvelli þessarar málssástæðu er því hafnað.

Í fjórða lagi byggir gagnaðili á svokallaðri *ne bis in idem* reglu. Gagnaðili segir að í 70. gr. stjórmarskráinnar sé borgurunum áskilin réttlát málsméðferð og njóti þeir vermd gegn tvírannsókn og tvírefsingu vegna sömu háttsemi, sbr. og 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu. *Ne bis in idem* reglan hefur verið tulkuð svo að hún útiloki ekki að sama háttsemi teljist brot á fleiri en einni lagareglu. Efnišleg meðferð nefndarinnar felur hvorki í sér tvírannsókn né tvírefsingu enda er nefndin með engum hætti að endurmæta niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. xxx. Við efnið meðferð er það nefndarinnar að meta hvort háttsemi sem gagnaðili hefur fyrir dómi viðurkennt teljist siðferðisbrot og/eða agabrot í skilningi laga nr. 78/1997. Úrskurðamefndin telur því að *ne bis in idem* reglan útiloki nefndina ekki frá því að meta viðurkennda háttsemi gagnaðila á aga- og siðferðismælikvarða. Frávisunarkröfu gagnaðila sem byggð er á bessari málssáttædu er einnig hafnað.

Í fimmsta lagi byggir gagnaðili á að málshefjandi hafi ekki leyft sér að njóta reglunnar um að teljast saklaus þar til sekt hans hafi verið sönnuð. Visar gagnaðili þar til 2. mgr. 70. gr. stjórmarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Úrskurðarnefndin telur að málssáttæða bessi sé ekki frávisunarástæða.

6.2 Efnisleg umföllun

Af gögnum málsins liggur fyrir að í hæstaréttarmáli nr. xxx viðurkenndi gagnaðili tiltekna háttsemi gagnvart tveimur stúlkum sem voru á þeim tíma þáttakendur í kirkjulegu starfi í kirkju þar sem gagnaðili er sóknarprestur.

Málshefjandi telur þessa viðurkenndu háttsemi aga- og/eða siðferðisbrot af hálfi gagnaðila. Um þetta er mólsaðilar ekki sammála og telur gagnaðili að reglur um *res judicata* og *ne bis in idem* tryggja að ekki verði efnislega metið hvort hin viðurkennda háttsemi teljist aga- og/eða siðferðisbrot.

Eins og rakið er hér að framan telur úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar að ein og sama háttsemin geti talist brotleg við fleiri en ein lög. Þótt búið sé að dæma að hún teljist ekki brot á nánar tilgreindum lögum útloki það ekki mat á því hvort sama háttsemi sé brot á öðrum lögum. Reglurnar kunna, þó einkum sú um *ne bis in idem*, á hinn bóginn að hafa þær afleiðingar að jafnvel þó háttsemin teljist brot þá sé óheimilt að beita viðurlögum vegna brotsins.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að henni sé þannig heimilt að meta efnislega hvort viðurkennd háttsemi gagnaðila feli í sér siðferðis- og/eða agabrot.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvort í hinni viðurkenndu háttsemi gagnaðila, sem er að hafa faðmað báðar stúlkurnar, strokið annarri þeirra á baki, utan klæða, talandi um að honum liði illa, og kysst hina stúlkuna á sitt hvora kinnina, felist agabrot.

Áfrýjunarfnd þjóðkirkjunnar fjallaði um túlkun hugtakanna agabrot annars vegar og siðferðisbrot hins vegar í máli nr. 1/1999. Í úrskurði nefndarinnar segir um þetta atriði:

„Óhjákvæmilegt er að lita svo á, að siðferðisbrot og agabrot séu tvö sjálfstæð og aðgreinanleg hugtök í lögfræðilegu tilliti. Enga skilgreiningu eða aðra skýringu er að finna á hugtökum þessum hvorki í lögunum sjálfum né heldur lögskýringargögnum. Ber áfrýjunarfnd því að gæta þess við ákvörðun úrræða, að því leyti sem á þau kann að reyna, að einungis ótvíræð siðferðis- og agabrot komi til álíta sem grundvöllur þeirra. Allur skyndsamlegur vaði vegna hins óljósa innfalls hugtakanna á að vera þeim í hag, sem úrræðin bitna á. Ámaelisverð háttsemi starfsmanns þjóðkirkjunnar kann að fela í sér bæði siðferðisbrot og agabrot. Í öðrum tilvikum getur verið um að ræða annað tveggja, siðferðisbrot eða agabrot.“

Í skilgreiningu sinni á agabroti í áðurnefndum úrskurði bendir áfrýjunarfnd þjóðkirkjunnar á að hugtakið hafi ekki skýrt afmarkaða merkingu í lögum. Það sé yfirleitt bundið við brot á sérstökum agareglum eða óhlýðni við löglegar ákvarðanir og fyrirmæli yfirboðara, sbr. 11. gr. laga nr. 78/1997 um kirkjuaga. Að þessu leyti purfi agabrot presta gegn yfirboðurum sínum á kirkjulegum vettvangi ekki að fela í sér siðferðisbrot gegn sóknarbörnum. Vígsluheit prests og vígslubréf biskups hafi gildi sem agareglur, sumpart með nánari útfærslu í siðareglum presta og að ótvíræð brot gegn þeim séu agabrot í skilningi 4. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997.

Úrskurðarnefndin telur að hin viðurkennda háttsemi gagnaðila geti ekki talist ótvírætt agabrot samkvæmt skilgreiningu áfrýjunarfndar þjóðkirkjunnar á sliku broti. Í henni felist ekki háttsemi sem skilgreina megi sem ótvírætt brot á agareglum eða óhlýðni.

Kemur þá til skoðunar hvort hin viðurkennda háttsemi gagnaðila teljist siðferðisbrot í þeiri merkingu sem áfrýjunarfnd þjóðkirkjunnar hefur skilgreint hugtakið, og rakin er fyrir í úrskurðinum. Þar kemur fram að við mat á því hvort háttsemi sé siðferðisbrot beri að miða við eins konar vísiglu, er veiti úrskurðaraðilum svigrúm til þess að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma, hvað sé siðferðisbrot. Í því efni skiptir verulegu máli, hver staða starfsmannsins er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennt verður að gera strangar kröfur til presta þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi

Lögfræðileg tilgangur til ótvírættu brotu í sérstökum agareglum

og velsæmis í störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá eða eru í fyrirsvari fyrir. Ef framkoma prests að áltí sóknarbarna, sem til hans þurfa að leita um þjónustu og sálusorgun, er svo farið að hann nýtur ekki trausta sóknarbarnanna eða þorra þeirra verður að meta að hvaða marki síkur trúnaðarbrestur stafar af ætluðum siðferðisbrotum prestins eða af öðrum ástæðum, svo sem tilitsleysi hans, ókurteisi eða klaufaskap. Við þetta mat má hafa nokkra hliðsjón af vígsluheiði prests og vígslubréfi biskups svo og almennum siðareglum presta.

Sú háttsemi sem málshefjandi telur siðferðisbrot af hálfu gagnaðila er þegar hann í tvígang, annars vegar á árinu 2007 og hins vegar á árinu 2008, faðmaði stúlkur í kirkjulegu starfi, sem báðar voru á þeim tíma undir lögaldri, strauk annarri um bak, utan klæða, talaði um að honum liði illa og kyssti hina stúlkuna á sitt hvora kinnina.

Gagnaðili er sóknarprestur. Hin viðurkennaða háttsemi átti sér stað gagnvart ólögráða ungmennum sem leitað höfðu skjóls í kirkjulegu starfi. Atvikin urðu innan veggja kirkjunnar þegar enginn annar var nálægur. Af örðum gagnaðila sjálfss er augljóst að í örðu tilvikinu a.m.k. gerði hann sér sjálfur strax grein fyrir að hann kynni að hafa farið út fyrir viðurkennd mörk í samskiptum prests og ungmenna í kirkjulegu starfi því hann bað stúlkuna afsökunar. Af því verður ekki annað ráðið en að gagnaðili hafi lesið af viðbröðum stúlkunnar að henni líkaði ekki háttsemi hans.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að viðurkennd háttsemi gagnaðila gagnvart þessum tveimur sóknarbörnum, einkum og sér í lagi þar sem þær voru báðar undir lögaldri, þegar atvikin áttu sér stað, sé háttsemi sem prestur hvorki eigi né megi sýna af sér, gagnvart slíkum einstaklingum. Gagnaðili hafi mátt gera sér grein fyrir og gerði að hluta, að háttsemi hans kynni að skapa vanlíðan og jafnvél ógn hjá ungmennum sem fyrir háttseminni urðu, enda eru kossar og faðmlög tæpast háttsemi sem hægt er að telja eðlilega af hálfu sóknarprests gagnvart ungmanni undir lögaldri. Örðu máli kann að gegna varðandi samþærilega háttsemi gagnvart fullveðja einstaklingi. Úrskurðarnefndin telur að ekki verði hjá því komist að telja þá háttsemi sem gagnaðili sýndi unglingsstúlkunum tveimur og sem hann sjálfur hefur staðfest, fela í sér ótvírátt siðferðisbrot i skilningi tilvitnaðra laga og reglna. Háttsemi af þessu tagi sé ekki hægt að útskýra með tillitsleysi, ókurteisi eða klaufaskap. Með háttseminni hafi gagnaðili þannig farið útfyrir mörk viðurkenndrar hegðunar gagnvart ungmennum í kirkjulegu starfi.

Áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar vísar til þess í skilgreiningu sinni á siðferðisbroti að við matið megi m.a. hafa hliðsjón af siðareglum Prestafélags Íslands. Í grein 2.3 í siðareglum PÍ segir að prestvíglan leggi prestum sérstakar skyldur á herðar í afstöðu og viðmóti við aðra. Prestur beri jafnframt sérstaka ábyrgð gagnvart þeim sem minna mega sín. Í grein 2.4 sömu siðareglu segir að prestur megi ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstæðings. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að túlkun á þessum ákvæðum siðareglina PÍ renni frekari stoðum undir og styðji við þá niðurstöðu að margnefnd háttsemi gagnaðila sé ótvírátt siðferðisbrot. Niðurstaða siðaneftnar Prestafélags Íslands í máli gagnaðila styrki enn þá niðurstöðu, en nefndin telur í niðurstöðu sinni dags. 23. júlí 2009 að hegðun gagnaðila í þeim tilvikum sem hér um rædir brjóti í bága við siðareglur PÍ, einkum greinar 2.3 og 2.4.

Úrræði þau sem málshefjandi krefst að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar mæli fyrir um gagnvart gagnaðila vegna siðferðisbrota hans eru úrræði sem grípa má til vegna agabrota. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hefur, eins og að framan er rakið, komist að því að í viðurkenndri háttsemi gagnaðila felist ekki ótvírátt agabrot. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 hefur úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar engin úrræði vegna siðferðisbrota og þarf því

þegar af þeirri ástæðu ekki að taka afstöðu til þess hvort reglan um *ne bis in idem* tálmi því að háttsemi gagnaðila, sem hún telur fela í sér siðferðisbrot, hafi afleiðingar fyrir starf gagnaðila.

Samkvæmt 19. gr. starfsreglna nr. 73/1998 með síðari breytingu skal hvor málsaðili bera sinn kostnað vegna lögmannsaðstoðar við málið. Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar greiðist úr Kristnisjóði samkvæmt sama ákvæði.

Úrskurðarorð

Frávísunarkröfu gagnaðila er hafnað.

Hafnað er kröfu málshefjanda um að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar mæli fyrir um að gagnaðili skuli ekki gegna starfi sóknarprests, eða neinu öðru starfi fyrir ...kirkju, til frambúðar.

Hafnað er kröfu málshefjanda um að úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar mæli fyrir um frekari takmarkanir eða íþyngjandi niðurstöðu um störf gagnaðila.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum var tilkynnt um hann.¹

Reykjavík, 3. september 2009

Dógg Þálsdóttir


Amfriður Einarsdóttir


sr. Gisli Jónasson

¹ Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella máiskosnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má samgjarni og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan máiskosnað.